

Fundargerð háskólaráðsfundar 03. september 2013

Fundarstaður: Guðmundarstofa á Bifröst kl. 13.00

Mætt: Guðmundur Ólafsson, María Einarsdóttir, Andri Björgvin Arnþórsson, Jón Freyr Jóhannsson, Aagot V.Óskarsdóttir, Anna Elísabet Ólafsdóttir, Signý Óskarsdóttir, Vilhjálmur Egilsson, Stefán Sveinbjörnsson.

Fjarverandi: Jón Ólafsson, Hallur Jónasson, Viktor Elísson, Ollý Björk Ólafsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Geymd til næsta fundar.

2. Kynning á stefnumótun framkvæmdastjórnar

Framkvæmdastjórn hittist 27. ágúst og fór í gegnum stefnu og verkefni skólans. Fjallað var um stöðu verkefna, framtíðarsýn og aðgerðir til framkvæmda. Rektor kynnti einstaka þætti og ræddi hugmyndir um meiri ábyrgð háskólaráðs í gæðastarfi skólans.

3. Upphaf skólaárs

Framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu fór yfir umsóknartölur og innritanir fyrir haust 2013. Umsóknarfjöldi fór fram úr öllum áætlunum og innritanir ganga vel.

4. Tillögur til breytinga á reglugerð

Aðstoðarrektor fór yfir tillögur að breytingum á reglugerð, umræða fór fram um valda liði, fulltrúar voru beðnir að kynna sér breytingatillögunar og koma með athugasemdir ef einhverjar eru fyrir næsta fund.

5. Kennsla – breytingar

Verkefnið rekstraráætlanir er komið af stað. Um er að ræða tvö 6 ECTS námskeið um rekstraráætlanir sem unnar eru í samvinnu við lítil fyrirtæki og einyrkja á Vesturlandi. Bankar í Norðvesturkjördæmi taka þátt í vinnunni og kynna fyrirtækjum verkefnið og það tækifæri sem felst í því að vinna með Háskólanum á Bifröst og nemendum að áætlanagerð í rekstri.

Mikill ávinningur er í þessu fyrir nemendur sem fá tækifæri til þess að vinna með raungögn úr atvinnulífinu undir handleiðslu sérfræðinga skólans.

6. Rannsóknir

- a. Rannsóknastofnun atvinnulífsins Bifröst
Þann 27. september verður skrifað undir samstarfssamning Háskólans á Bifröst og Samtaka atvinnulífsins. Meðal verkefna sem rannsóknastofnun atvinnulífsins mun sinna er að skoða hvernig hægt er að yfirfæra reynslu Norðurlandanna á notkun módelis fyrir vinnslu kjarasamninga. Einnig verður unnið að því að útvega meistaranemum verkefni til að vinna með efni tengt atvinnulífi og vinnumarkaðsrannsóknum.

b. Rannsóknasetur verslunarinnar

Mun halda áfram að vinna að rannsóknum tengdum verslun og þjónustu. Verið er að skoða hvort setrið ætti að verða sjálfseignarstofnun.

7. Gæðamál

Gæðastjóri fór yfir næstu verkefni í gæðamálum skólans. Skipa þarf í hópa fyrir innra mat fagsviða á viðskipta- og lögfræðisviði ásamt hóp sem sinnir innra mati stofnunnar.

Ný Erasmusáætlun mun taka gildi 2014 þessar breytingar verða skoðaðar og verklag í kringum Erasmus starf mótað að því.

8. Sviðsstjórar – nýtt skipulag

Rektor fór yfir hugmyndir um verksvið sviðsstjóra, ekki hefur verið tekin ákvörðun um að breyta verksviði sviðsstjóra að svo stöddu en háskólaskrifstofa mun veita meiri stuðning tengdan umsýslustörfum. Ráðinn verður nýr starfsmaður á háskólaskrifstofu sem mun sjá um umsýslu í nemendaskrá og verkefnum tengdu nemendabókhaldu og skýrslugerð. Einnig mun starfsmaðurinn sjá um umsýsluverkefni vegna Erasmus áætlunarinnar.

9. Endurnýjun tilnefninga í Háskólaráð

Rektor minnti á að á næsta háskólaráðsfundi þurfa að liggja fyrir tilnefningar fulltrúa nemenda, kennara og starfsfólks í háskólaráð.

10. Úrsögn úr stjórn skólans og tilnefning nýs stjórnamanns/varamanns

Ingibjörg Þorsteins fulltrúi Háskólans á Bifröst í stjórn skólans hefur óskað eftir því að far úr stjórn. Ingibjörg Ingvadóttir hefur verið hennar varamaður og mun taka sæti hennar í stjórn. Tilnefning varamanns fyrir Ingibjörgu Ingvadóttur mun liggja fyrir á næsta fundi.

11. Tilnefningar í gæðaráð

Rektor tilnefnir Stefán Valgarð Kalmansson sem formann gæðaráðs, háskólaráð samþykkti einróma. Stefán hefur gegnt starfi formanns gæðaráðs á síðasta skólaári. Nemendur koma með tilnefningu fyrir þrjá fulltrúa og kennarafundur tilnefnir þrjá fulltrúa.

12. Tilnefningar í jafnréttisnefnd

Rætt um tilnefningar í jafnréttisnefnd og endurskoðun jafnréttisstefnu skólans. Nemendur eiga einn fulltrúa og starfsmenn einn fulltrúa, rektor tilnefnir formann nefndarinnar.

13. Mál vegna brottvikningar úr skóla

Fagråd vék nemanda úr skóla á grundvelli 28. gr. reglugerðar skólans. Nemandi áfríaði málinu til háskólaráðs. Aðstoðarrektor gerði grein fyrir afgreiðslu málsins í fagráði og vék af fundi.

Rektor las áfríunina upp fyrir háskólaráðið og umræður fóru fram. Háskólaráð staðfesti niðurstöðu fagráðsins í ljósi þess að reglan er skýr. Nemandi var bent á að hægt er að óska eftir endurinnritun í námið. Fagráði var falið að setja viðmiðunarreglur um mat á námi í slíkum aðstæðum.

14. Önnur mál

a. Sex mánaða uppgjör 2013

Fjármálastjóri fór yfir sex mánaða uppgjör skólans sem sýnir að tekjur eru hærrí en gjöld eftir fyrstu sex mánuði ársins. Það orsakast aðallega vegna aukinna tekna vegna rannsókna og skólagjalda. Umræður um stöðuna og rekstrarlega þætti sem geta haft áhrif á stöðuna til framtíðar.

15. Næsti fundur

Rætt um fundartíma háskólaráðsfunda. Ákveðið að fundir verða á miðvikudögum eftir hádegi. Næsti fundur verður 9. október.